

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2016/2035**

2017/EES/48/23

frá 21. nóvember 2016

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar samþykkistímabil fyrir virku efnin fípróníl og maneb (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE <sup>(1)</sup>, einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 <sup>(2)</sup> eru skráð virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.
- 2) Samþykkistímabilið fyrir virka efnið maneb var framlengt frá 30. júní 2016 til 31. janúar 2018 með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 762/2013 <sup>(3)</sup>.
- 3) Samþykkistímabilið fyrir virka efnið fípróníl var framlengt frá 30. september 2017 til 31. júlí 2018 með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/404 <sup>(4)</sup>.
- 4) Umsóknir um endurnýjun á samþykki fyrir efnunum maneb og fípróníl voru lagðar fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 <sup>(5)</sup>. Hins vegar voru engin viðbótarmálsskjöl lögð fram til stuðnings endurnýjun þessara virku efna í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012.
- 5) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 eru framlengingar, sem kveðið er á um í framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 762/2013 og (ESB) nr. 2015/404, ekki lengur réttlætningar. Því er rétt að kveða á um að samþykki fyrir fípróníli falli úr gildi á þeim degi sem það félli úr gildi án framlengingar og að kveða á um að samþykkistímabilið fyrir maneb renni út eins fljótt og unnt er, að teknu tilliti til þess tíma sem aðildarríkin þurfa til að uppfylla kröfur sem stafa af því að samþykki fyrir efninu maneb fellur úr gildi.
- 6) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 314, 22.11.2016, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2017 frá 7. júlí 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtið. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 762/2013 frá 7. ágúst 2013 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin klórþýrifos, klórþýrifosmetýl, mankóseb, maneb, MCPA, MCPB og metíram (Stjtið ESB L 213, 8.8.2013, bls. 14).

(4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/404 frá 11. mars 2015 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin beflúbútamíð, kaptan, dímetóat, dímetómorf, etóprófos, fípróníl, fólpet, formetanat, glúfosínat, metíókarb, metríbúsín, fosmet, pírimífosmetýl og própamókarb (Stjtið. ESB L 67, 12.3.2015, bls. 6).

(5) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtið. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. nóvember 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---

*VIÐAUKI*

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað dagsetningarinnar „31. janúar 2018“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 113, maneb, komi „31. janúar 2017“.
  - 2) Í stað dagsetningarinnar „31. júlí 2018“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 157, fipróníl, komi „30. september 2017“.
-